

Ákvæðisvinnusamningur

Ákvæðisvinnusamningur milli Vinnslustöðvarinnar hf. fh. dótturfélags síns, Hafnareyri ehf. Vestmannaeyjum og Drífandi stéttarfélags í Vestmannaeyjum um vinnu við uppskipun á frystum uppsjávarfiski og botnfiskafurðum úr vinnsluskipum og við fisklandanir og afgreiðslu botnfisk- og uppsjávarfiskiskipa í Vestmannaeyjum.

Samningur þessi er hluti af aðalkjarasamningi SA og SGS, dags. 3. apríl 2019 og hefur sama gildistíma og uppsagnarákvæði og hann. Samningurinn tekur breytingum sem verða á hreinu akkorði og öðrum launaliðum skv. kjararasamningum SA og SGS.

1. grein

Almennt

Starfsmenn Hafnareyri ehf. taka að sér uppskipun á frystum uppsjávarfiski (s.s. síld, loðnu, kolmunna og makríl) sem stúfað hefur verið lausum í lest og annast einnig frágang og þrif í lestum eftir löndun. Þá taka ákvæðisvinnumenn að sér uppskipun á öðrum frystum sjávarafurðum úr vinnsluskipum og vinnu við afgreiðslu þeirra.

Við uppskipun skulu starfsmenn gæta þess að fara vel með vöruna og sjá til þess að hún verði ekki fyrir hnjaski. Flokkun, hleðsla á bretti og merkingar skulu vera samkvæmt fyrirmælum verkstjóra.

Við uppskipun úr vinnsluskipum (pallaskipum) þar sem búið er að ganga frá frystum afurðum á bretti áður en löndun hefst skal greiða uppskipunarmönnum tímakaup með álagi fyrir þá vinnu.

Þá vinna starfsmenn Hafnareyri einnig við fisklandanir og afgreiðslu á þeim fiskiskipum sem fyrirtækið tekur að sér að afgreiða.

2. grein

Ákvæðisvinna við uppskipum á frystum afurðum

Fjöldi ákvæðisvinnumanna við uppskipun og útskipun á frystum afurðum skal ákveðinn áður en hún hefst með tilliti til aðstæðna hverju sinni. Löndunarstjóri skal hafa samráð við starfsmenn um framkvæmd þessa, enda skal mönnun vera báðum aðilum sem hagkvæmust. Trúnaðarmaður hefur rétt til að fylgjast með framkvæmd þessari og gera athugasemdir ef hann sér ástæðu til.

Í ákvæðinu við uppskipun á frystum afurðum eru lestarmenn, þar með taldir lúgu- og bakkamaður, kranamenn, lyftaramaður, plöstunarmenn, löndunarstjóri og talningamaður. Í þeim tilvikum þegar landkrani er leigður með manni er kranamaður innan ákvæðisins. Verkstjóri sem tekur ekki þátt í framangreindum störfum er ekki inni í ákvæðinu.

Innifalið í ákvæðinu eru eftirtalin störf: Opnun og lokun lestarlúga við upphaf og lok löndunar, í neysluhléum og ef veður eða aðrar aðstæður kalla á slíkt. Uppskipun afurðanna á hafnarbakka, flokkun á bretti eftir tegundum og stærðarflokkum, vigtun og talning, setja

SG
JU
VPAF AD.

merkispjöld á brettin, vefja þau með plastfilmu og/eða setja á þau plasthettur og hita þær og loks að ganga frá brettum til flutnings á flutningstæki, akstur að gámi eða inn í þjónusturými frystigeymslu.

Þá er einnig innifalið í ákvæðinu þrif og frágangur í lest, þrif á lyfturum, þrif á löndunarmögnum og vigtarbúnaði fyrirtækisins og þeirri aðstöðu sem hýsir þennan búnað og þrif á athafnasvæði skipsins á hafnarbakka að lokinni uppskipun.

Yfirvinnuálag í akkorðsvinnu er 40%.

Greiða skal tímakaup fyrir biðtíma vegna tafa á ákvæðisvinnu og fyrir að setja umbúðir og annan búnað um borð að lokinni uppskipun. Yfirvinnuálag í tímavinnu er 80%.

3. grein

Ákvæðisvinnulaun vegna frystra sjávarafurða

Ákvæðislaun miðast við þyngd afurðanna samkvæmt vigtun.

Dagvinnutímabil eru frá kl. 08.00-17.00 mánudaga til föstudaga, þó ekki lengur en 8.00 klst. á dag á umræddum dögum.

Neysluhlé í ákvæðisvinnu og tímavinnu er skv. ákvæðum almennra kjarasamninga SA og SGS.

Ákvæðisvinnulaun sem starfsmenn í akkorði skipta með sér, miðað við upptalningu og verklýsingi í 2. gr. samnings þessa, eru eftirfarandi:

| | Dagvinna pr. tonn: | Yfirvinna pr. tonn |
|--|--------------------|--------------------|
| Frystar uppsjávarfiskafurðir skv. 1. og 2. gr. | 2.141 kr. | 2.996 kr. |
| Frystar =“= ef einnig þarf losa úr klefa | 2.252 kr. | 3.153 kr. |
| Frystar botnfiskafurðir | 2.416 kr. | 3.383 kr. |

Hlutar hvers ákvæðisvinnumanns í heildarákvæðinu ákvarðast af hlutfallslegum akkorðstundafjölda hans og skiptingu í dagvinnu- og yfirvinnuakkord, en kaupið verður þó aldrei lægra en tímakaup samkvæmt 5. gr. Ofangreindar fjárhæðir pr. tonn eru án orlofs.

Uppskipun á brettum úr vinnsluskipum

Við uppskipun á frystum afurðum úr vinnsluskipum (pallaskipum) þar sem búið er að ganga frá afurðunum á bretti áður en löndum hefst skal greiða löndunarmönnum akkorð kr. 71.00 pr. akkorðsmann fyrir hvert fiskbretti í dagvinnu og kr. 100 í yfirvinnu pr. mann. Miðað er við að eitt gengi verði fyrir hverja lestarlúgu og teljast lyftaramenn á bryggju sem þjóna viðkomandi gengi til ákvæðisvinnuhópsins, en þó skulu laun þeirra ekki verða hærri þó þeir þjóni að hluta tveimur hópum. Biðtími skal greiddur skv. 10. launaflokki.

Vinna við útskipun á fiski á brettum úr frystiklefa að skipshlið eða um borð.

Þegar starfsmenn Hafnareyrar sem eru á lyfturum vinna við útskipun á sjávarafurðum á brettum úr frystiklefa og að skipshlið flutningaskipa, s.k. bulk skip, eða koma brettum um

SG. SW
VNA AL.

borð í flutningaskip skal greiða þeim kaupauka kr. 403.- pr. klst. fyrir þann sem verkið stendur. Ef starfsmenn eru einnig á bryggju við að koma klöfum á bretti, merkja umbúðir og plasta bretti og vinnan er í beinum tengslum við útskipun þann dag skal greiða þeim sama kaupauka. Þessar kaupukagreiðslur hækka með sama hætti og hreinar akkorðsgreiðslur frá 1. apríl 2020 um 2,5%, 1. janúar 2021 um 2,5% og 1. janúar 2022 um 2,5%.

4. grein

Ákvæðisvinna við landanir úr ísfiskskipum

Starfsmenn Hafnareyrar taka að sér fisklöndun, körun, ísun og vinnu við afgreiðslu á ísfiskskipum, s.s. losun sorps, ganga frá kosti og að taka vatn. Losun sorps, frágangur kosts og vatnstaka er unnin samhliða löndun, körun og ísun. Gefist ekki tími til þess meðan á akkorðinu stendur verði greidd tímavinna fyrir þau störf til þeirra starfsmanna sem ljúka verkinu.

A) Löndun á ísfiski í körum og tóm kör tekin um borð. - kr. 1.364 pr. tonn.

Innifalið í ákvæðinu er öll vinna við löndun og að koma fiskkörum á flutningstæki eða að gámum við hlið veiðiskips, samkvæmt fyrirmælum löndunarstjóra eða fulltrúa útgerðar. Þá er innifalið í ákvæðinu öll vinna við lestarhreinsun, koma tómum körum fyrir um borð og að hreinsa hafnarbakkann eftir að löndun lýkur.

B) Löndun á ísfiski í körum – kör ekki tekin um borð - kr. 1.127 pr. tonn.

Innifalið í ákvæði er það sama og í A-lið, nema tóm kör eru ekki tekin um borð að lokinni löndun.

C) Kör tekin um borð

Innifalið í ákvæðinu er að koma tómum fiskikörum fyrir um borð í veiðiskipi. Greiðsla fyrir að ganga frá minni körum um borð kr. 71,00 pr. stk. og stærri körum kr. 91,00 pr. stk. skiptist milli ákvæðismanna í hlutfalli við unnninn tíma.

D) Ís tekinn um borð í fiskskip - kr. 1.158 pr. tonn.

Ákvæðisvinnumenn taka að sér að afgreiða ís um borð í fiskiskip, jafnt í fiskkassa, fiskkör og lausan ís samkvæmt beiðni útgerðar og fyrirmælum löndunarstjóra, hvað varðar magn og vinnutilhögun. Innifalið í ákvæðinu, og unnið á sama tíma, er einnig að koma sorpi frá veiðiskipinu í gám á bryggju og ganga frá kosti um borð.

E) Löndun á ísfiski sem er í stíum og ísun eftir löndun - kr. 2.574 pr. tonn.

Innifalið í ákvæðinu er öll vinna við löndun á ísfiski í stíum, ganga frá og ísa fiskinn í kör og koma fiskkörum á flutningstæki eða að gámum við hlið veiðiskips, frágangur í lest og koma ís um borð eftir löndun samkv. fyrirmælum löndunarstjóra

Um er að ræða heildargreiðslu pr. tonn sem skiptist milli þeirra sem í ákvæðinu vinna og er álag vegna löndunar eftir kl. 19.00 á kvöldin og um helgar innifalið í greiðslunni. Innifalið í ákvæði er það sama og í A og C-lið.

SG.

JA SV
JL

Álagsgreiðslur og tímavinna vegna ákvæðisvinnu og tímavinnu vegna ísfiskskipa

Þegar unnið er í ákvæðisvinnu við löndun og ísun á karafiski samkv. samningi þessum á tímabilinu frá kl. 19:00 til kl. 07:00 og um helgar, skal greiða starfsmönnum álag á unnar klukkustundir á þessu tímabili er nemur mismun á yfirvinnukaupi og dagvinnukaupi í 10. flokki tímavinnu, e. 3 ár (yv. 3.108,96 – dv 1.727,20) kr. **1.382, pr. unna klukkustund.** Þurfi að mati löndunarstjóra/verkstjóra, eða að ósk útgerðar, að framkvæma þrif af sérstökum ástæðum, s.s. vegna slipptöku eða vegna bilana, fyrir utan hefðbundna lestarhreinsun samkvæmt 4. gr. a-liðar, skal sú vinna greidd í tímavinnu.

5. gr.

Ákvæðisvinna við uppskipun á salti í sekkjum

Við uppskipun á salti í sekkjum úr flutningaskipum skal greiða kr. 30,00 á dagvinnutímabili á mann pr. tonn og kr. 42,00 á mann pr. tonn á yfirvinnutímabili. Verkstjóri ákvæður mönnun og eru yfirleitt 5-7 menn í ákvæðinu, þ.e. lyftaramenn, menn á bryggju og um bord eftir atvikum. Kranamaður tilheyrir ekki ákvæðinu. Þessar kaupaukagreiðslur hækka með sama hætti og hreinar akkorðsgreiðslur frá 1. apríl 2020 um 2,5%, 1. janúar 2021 um 2,5% og 1. janúar 2022 um 2,5%.

6. grein

Vinna við landanir úr uppsjávarsíkipum til bræðslu og/eða manneldis

Starfsmenn Hafnareyrar sjá um landanir úr þeim uppsjávarsíkipum sem fyrirtækið tekur að sér að losa. Fjöldi starfsmanna við landanir skal ákveðinn með tilliti til aðstæðna hverju sinni. Löndunarstjóri skal hafa samráð við starfsmenn um framkvæmd þessa, enda skal mönnun vera báðum aðilum sem hagkvæmust. Þurfi að mati verkstjóra að kalla til auka mann við löndun skal það gert. Trúnaðarmaður hefur rétt til að fylgjast með framkvæmd þessari og gera athugasemdir ef hann sér ástæðu til.

Í starfinu felst að opna og loka lestarlúgum við upphaf og lok löndunar og eftir því sem aðstæður krefjast. Einnig vigtun, þrif og umsjón með löndunar- og vigtarbúnaði og þeirri aðstöðu sem hýsir þennan búnað. Þá er innifalið í ákvæðinu þrif og frágangur í lest, sorphirða og þrif á hafnarbakka að lokinni löndun.

Þurfi að þrífa löndunar- og vigtarbúnað á ný eftir að löndun og þrifum er lokið skulu þeir starfsmenn sem ljúka verkinu vera á sama kaupi og við löndun og þrif og breytir ekki þótt vinna við seinni þrifin komi ekki í beinu framhaldi af áætluðum fyrri verklokum. Þrif sem framkvæmd eru án tengsla við landanir, td. fyrir upphaf úthalds skulu greiðast skv. 10. launaflokk kjarasamnings SA-SGS.

Við landanir úr uppsjávarsíkipum til bræðslu og/eða manneldis skal greiða löndunar-mönnum jafnaðarkaup í formi yfirvinnutímakaups skv. launaflokk 10 e.3ár með 25% á lagi kr. **3.886 pr. klst.** (3.108,96 x 1,25). Þurfi löndunarmenn að vinna í neysluhléum skal greitt sérstaklega fyrir þá vinnu, skv. ákv. í kjarasamningi SA og SGS.

Greiða skal tímakaup fyrir biðtíma skv. 10 flokki e. 3 ár vegna tafa, sbr. 2. og 6. gr., fari sú vinna fram utan uppskipunar- og ákvæðisvinnutíma, svo sem að koma sorpi í góma á

*SB.
V&H SU
L.A.*

bryggju, ganga frá kosti um borð og koma umbúðum um borð að lokinni uppskipum. Greiða skal dagvinnu á dagvinnutímabili og yfirvinnu á yfirvinnutímabili.

7. grein

Biðtímar, tímakaup, fatapeningar ofl.

Þegar vinnsluskip eða fiskiskip kemur ekki á tilsettum tíma skal greiða starfsmönnum biðtíma skv. 10 launaflokki e. 3 ár í tímavinnu frá mætingu þangað til löndun getur hafist.

Verði bilanir á tækjum sem valda töfum á löndun skal greiða biðtíma í tímavinnu, en slíkar tafir þurfa að nema minnst 10 mínútum. Sé töf stórvægileg er fyrirtækinu heimilt að slíta löndun uns úr hefur ræst, en þó ekki fyrir minna en eina klukkustund í fiskiskipum og tvær klukkustundir þegar um frystar sjávarafurðir er að ræða eða skemmri tíma samkvæmt samkomulagi við starfsmenn.

Greiða skal tímavinnu fyrir að koma umbúðum um borð að lokinni löndun, sbr. ákvæði í 2. gr. og 5. gr.

Tímakaup í dagvinnu fyrir ofangreind störf er skv. 10. launaflokki, e. 3 ár kr. 1.727,20, pr. klst. í dagvinnu og yfirvinnu kr. 3.108,96 pr. klst. Ofangreindur kauptaxti er án orlofs. Starfsmenn sem lokið hafa 20 klst. starfstengdum námskeiðum hjá fyrirtækinu og taka laun skv. 11. launaflokki fá greitt skv. þeim flokki í biðtíma og tímavinnu.

Hafnareyri leggur starfsmönnum til hjálma og öryggisskó sé þess þörf. Þá mun fyrirtækið leggja til hentugri stígvél og gúmmígalla til notkunar við löndum á gulldeplu og er þessi hlífðarfatnaður eign þess. Starfsmenn Hafnareyrar skulu fá hlífðarfatapeninga á sama hátt og verkafólk í saltfisk- og skreiðarvinnu, kr. 33,41 pr. klst. frá 1. apríl 2019, sem síðan hækka skv. ákv. kjarasamninga 1. apríl 2020 um 2,5%, 1. janúar 2021 um 2,5% og 1. janúar 2022 um 2,5%.

Ef unnið er í löngum vinnulotum við löndum td. úr uppsjávarsíkipum og unnið á vöktum í fiskmjölsverksmiðju VSV á sama tíma skal starfsmönnum Hafnareyrar gefinn kostur að nýta sér aðstöðu og viðurgjörning á kaffistofu í löndunahúsi á Friðarhafnarbryggju með sama hætti og undanfarin ár.

Starfsmönnum Hafnareyrar skal gefinn kostur á að sækja samtals 20 klst. starfsmenntanámskeið sem eru nú 02 Vinnaðstaða og líkamsbeiting, 03 Öryggi á vinnustöðum, 07 Samstarf og samskipti á vinnustað, 09 Skyndihjálp og loks námskeið um meðferð tækjabúnaðar, vinna í kældu rými ofl. sem tengist starfinu. Hluti af þessum námskeiðum fer fram samhliða fiskvinnslunámskeiðum í Eyjum. Að loknum þessum námskeiðum færast ákvæðisvinnumenn úr 10. launaflokki í 11. launaflokk.

8. grein

Samningur þessi gildir frá 1. apríl 2019 og skulu þeir starfsmenn Hafnareyri sem vinna eftir honum njóta allra almennra réttinda sem kveðið er á í kjarasamningi SA og SGS. Innvinnsla frítökuréttar hjá starfsmönnum Hafnareyrar sem vinna reglulega og samfellt hjá fyrirtækinu skal vera með sama hætti og kveðið er á um frítökurétt og frávik gr. 2.4.2 í kjarsamningi SA og SGS.

SG.
VPA SU
JF.

Innvinnsla lausamanna hjá Hafnareyri vegna orlofs- og desemberuppbótar skal vera samkvæmt skráðum unnum tíma í akkorði á dagvinnutímabili og annari vinnu í dagvinnu í fyrirtækinu. Að öðru leiti vísast til ákvæða um desember- og orlofsuppbót í kjarasamningi SGS og SA dags. 3. apríl 2019.


Ákvæðisvinnusamningur þessi var upphaflega gerður 2009 milli VSV v/Skipaafgreiðslu Vm. og Drífanda og gerður ítarlegri 11. maí 2011. Samningur var uppfærður í ljósi kjarasamninga SA-SGS, 29. maí 2015. Samningur þessi var endurskoðaður vegna kjarasamninga SA og SGS, 3. apríl 2019.

Vestmannaeyjum 20. maí 2019

Fh. Drífanda stéttarfélags



Fh. Vinnslutöðvarinnar hf.
/Hafnareyri ehf.




Bókun

Aðilar eru sammála um að öryggisnefnd fyirtækisins framkvæmi áhættumat á vinnu við landanir úr uppsjávarskipum til bræðslu og/eða manneldis. Skal áhættumati lokið eigi síðar en 1. september 2019.

Vestmannaeyjum 20. maí 2019

Fh. Drífanda stéttarfélags


Sæbott Ólafsson

Fh. Vinnslutöðvarinna hf.
/Hafnareyri ehf.


Sigríður Þ. Smári Ólafsson